

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 6

við Stjórnartíðindi EB

1. árgangur

4.5.1994

	<b>I. EES-STOFNANIR</b>	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
94/EES/6/01	Starfsreglur eftirlitsstofnunar EFTA .....	01
	3. EFTA-dómstóllin	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
94/EES/6/02	Reglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð - (Mál nr. IV/M.397 - Ford/Hertz) .....	04
94/EES/6/03	Sex ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð til sex stálfélaga .....	04
94/EES/6/04	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 18.4. til 22.4. 1994 .....	05
94/EES/6/05	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins .....	06

<b>94/EES/6/06</b>	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	07
<b>94/EES/6/07</b>	Heimild vegna ríkisaðstoðar samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki .....	09
<b>94/EES/6/08</b>	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram - (Mál nr. IV/M.429 - “Winterthur” Schweizerische Versicherungs-Gesellschaft/DBV Holding AG) .....	10
<b>94/EES/6/09</b>	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram - (Mál nr. IV/M.444 - Sidmar NV/Klöckner GmbH) .....	11

### **3. Dómstóllin**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### Starfsreglur eftirlitsstofnunar EFTA<sup>(1)</sup>

94/EES/6/01

#### EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af fyrstu málsgrein 108. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum 13. gr.,

#### SAMÞYKKT EFTIRFARANDI STARFSREGLUR:

##### I. KAFLI

#### VINNUSKIPULAG EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

##### 1. gr.

Stjórnarmenn eftirlitsstofnunar EFTA skulu starfa sem ein heild í samræmi við gildandi reglur og mynda þannig stjórnarráð.

##### 2. gr.

Stjórnarráðið skal við opinber störf sín njóta aðstoðar átta deilda, nánar tiltekið stjórnarskrifstofu, fimm stjórnardeilda, lögfræðideildar og stjórnsýsludeildar.

Stjórnarráðið skal útbúa skipurit þar sem starfsemi deildanna er skilgreind með þeim hætti að skörun og tvíverknaði sé haldið í lágmarki.

##### 3. gr.

Deildirnar skulu hafa náð samstarf sín á milli.

Deild sem undirbýr tillögu að ákvörðun skal hafa samráð við allar aðrar deildir sem málið varðar, samkvæmt skipuriti eða eðli máls, áður en hún leggur tillöguna fyrir stjórnarráðið. Hafa skal samráð við lögfræðideildina þegar um er að ræða tillögur að lagalegum gerningum og ráðstafanir sem hugsanlega hafa lagaleg áhrif. Stjórnsýsludeild skal höfð með í ráðum ef um er að ræða tillögur sem kunna að hafa áhrif á fjárhagsáætlunina.

Deild sem undirbýr tillögu skal kappkosta að ná samkomulagi við þá deild eða deildir sem hafa þarf samráð við varðandi einstakar tillögur. Komi upp ágreiningur skal gera grein fyrir ólíkum sjónarmiðum síðarnefndu deildarinnar eða deildanna þegar tillagan er lögð fyrir stjórnarráðið.

##### 4. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að setja á fót vinnuhópa, samsetta af starfsmönnum úr fleiri en einni deild, til að annast ákveðin mál. Það skipar formann fyrir hvern hóp og ákvarðar umboð hans og starfsaðferðir.

##### II. KAFLI

#### STJÓRNARRÁÐSFUNDIR

##### 5. gr.

Forseti boðar til stjórnarráðsfunda.

Stjórnarráðsfundir skulu undir eðlilegum kringumstæðum haldnir einu sinni í viku. Aukafundir skulu haldnir þegar nauðsyn krefur.

##### 6. gr.

Forseti gerir drög að dagskrá fyrir fundi. Öll málefni sem stjórnarmenn óska eftir að verði tekin fyrir skulu vera í dagskrárdrögunum.

Dagskrárdrögum og nauðsynlegum vinnuskjölum skal dreift til stjórnarmanna minnst þremur virkum dögum fyrir fundardag nema annað sé ákveðið.

Ef þess er óskað af stjórnarmanni skal stjórnarráðið fresta umræðu um tiltekið mál í dagskrárdrögunum til síðari fundar komi frestunin, vegna tilskilinna tímamarka, ekki í veg fyrir að stjórnarráðið taki ákvörðun um málið.

Dagskrárdrögin og breytingartillögur við þau skulu lögð fyrir stjórnarráðið sem skal samþykkja dagskrána á fundinum. Stjórnarráðið getur ákveðið samhljóða að taka fyrir málefni sem ekki er í dagskrárdrögunum eða þrátt fyrir að nauðsynlegum vinnuskjölum þar að lútandi hafi ekki verið dreift fyrir en eftir að tilskilinn frestur rann út.

##### 7. gr.

Forseti skal stjórna fundunum.

##### 8. gr.

Þrír viðstaddir stjórnarmenn mynda ákvörðunarbæran meirihluta.

(<sup>1</sup>) Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 1/94/COL

**9. gr.**

Stjórnarráðsfundir skulu ekki vera opinberir. Umræður eru og verða trúnaðarmál.

**10. gr.**

Stjórnarritari skal sækja fundi nema stjórnarráðið ákveði annað.

Forseti getur að eigin frumkvæði eða að beiðni stjórnarmanns boðið einstökum embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA að vera viðstaddir fund, eða hluta fundar, og taka til máls.

Stjórnarráðið getur í undantekningartilvikum ákveðið að bjóða öðrum aðilum að taka til máls á fundi.

**11. gr.**

Fundargerð skal skráð á öllum stjórnarráðsfundum.

Drög að fundargerð skulu lögð fyrir stjórnarmenn til samþykkis á næsta fundi. Samþykkt fundargerð skal fullgilt með undirskrift forseta og meðárituð af stjórnarritara.

**III. KAFLI****ÁKVARÐANIR EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA****12. gr.**

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA skulu teknar á fundum stjórnarráðsins, með skriflegri málsmeðferð í samræmi við 14. gr. eða eftir veitingu heimildar í samræmi við 15. gr.

**13. gr.**

Til að taka ákvörðun á fundi stjórnarráðsins þarf að minnsta kosti þrjú atkvæði með ákvörðuninni.

**14. gr.**

Stjórnarráðið getur að tillögu stjórnarmanns tekið ákvörðun með skriflegri málsmeðferð.

Í því augnamiði skal dreifa tillögu að ákvörðuninni til allra stjórnarmanna og veita þeim frest í að minnsta kosti fimm virka daga eða, í undantekningartilvikum og að því tilskildu að forseti heimili það, að minnsta kosti þrjú virka daga til að koma athugasemdum sínum við tillöguna á framfæri.

Hver stjórnarmaður getur við hina skriflegu málsmeðferð farið fram á að tillagan verði rædd á fundi. Í slíkum tilvikum skal setja málið á dagskrá næsta stjórnarráðsfundar. Komi ákvæði 6. gr. í veg fyrir að ákvörðun sé tekin í málinu á þeim fundi skal það sett á dagskrá næsta fundar þar á eftir.

Eftir að gengið hefur verið úr skugga um að öllum stjórnarmönnum sé kunnugt um að tillögunni hafi verið dreift skal hún teljast samþykkt af stjórnarráðinu þegar fresturinn til að koma athugasemdum á framfæri rennur út, að því tilskildu að á

þeim tíma hafi minnst þrjú stjórnarmenn lýst yfir fylgi sínu við tillöguna og að ekki hafi komið fram beiðni um að tillagan verði rædd á fundi. Samkomulag skal skráð í fundargerð næsta fundar.

**15. gr.**

Með fyrirvara um að fullt tillit sé tekið til samábyrgðar stjórnarráðsins getur það veitt stjórnarmanni heimild til að grípa til, í þess nafni og undir eftirliti þess, skýrt afmarkaðra ráðstafana á sviði stjórnunar eða stjórnsýslu og til að samþykkja endanlegan texta ákvörðunar en stjórnarráðið hefur þá þegar ákvarðað inntak hennar. Fyrir þau tímabil sem nægilegur fjöldi stjórnarmanna til að mynda ákvörðunarbæran meirihluta er ekki tiltækur, skal einum eða fleiri stjórnarmönnum heimilað að taka hvaða aðkallandi ákvörðun sem þurfa þykir.

Embættismönnum má einnig veita heimild til að grípa til skýrt afmarkaðra ráðstafana á sviði stjórnunar eða stjórnsýslu ef ljóst er að ekki verður hjá því komist svo að eftirlitsstofnun EFTA geti sinnt hlutverki sínu af kostgæfni.

Heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein má ekki framselja til annarra nema að því leyti sem skýrt er kveðið á um í ákvörðuninni sem heimildin er veitt með.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda með fyrirvara um reglur um veitingu heimildar í málefnum sem varða fjármál og starfsmannahald.

**IV. KAFLI****UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD ÁKVARÐANA****16. gr.**

Stjórnarráðið getur falið stjórnarmanni ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd ákvarðana þess á tilteknu sviði. Í slíkum tilvikum skal viðkomandi deild taka við fyrirætlum frá þeim stjórnarmanni.

**17. gr.**

Stjórnarritari skal vera forseta til aðstoðar við undirbúning stjórnarráðsfunda, við framkvæmd málsmeðferða við ákvarðanatöku og við að tryggja, ef við á, tilkynningu og birtingu ákvarðana eftirlitsstofnunar EFTA.

Í því augnamiði skal stjórnarritari tryggja að farið sé að reglum um undirbúning og framlagningu skjala sem stjórnarmönnum er ætlað að fjalla um og skal, ef við á, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tilkynnt sé um ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA opinberlega og að þær séu birtar í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

**18. gr.**

Lagalegir gerningar sem stjórnarráðið samþykkir á fundi eða með skriflegri málsmeðferð skulu fullgiltir á því tungumáli eða

tungumálum sem þeir eiga að vera fullgildir á með undirskrift forseta og meðáritaðir af stjórnarmanni sem hefur verið tilnefndur samkvæmt 16. gr. eða stjórnarritara hafi slík tilnefning ekki farið fram.

Texti slíkra gerninga skal fylgja fundargerðinni þar sem samþykkt þeirra er skráð.

#### 19. gr.

Lagalegir gerningar sem samþykktir eru samkvæmt málsmeðferð um veitingu heimildar skulu fullgildir á því tungumáli eða tungumálum sem þeir eiga að vera fullgildir á með undirskrift þess stjórnarmanns eða embættismanns sem er handhafi heimildar og meðáritaðir af stjórnarritara.

### V. KAFLI

#### STAÐGENGLAR

#### 20. gr.

Geti forseti eða annar stjórnarmaður ekki sinnt störfum sínum skal einn hinna stjórnarmannanna, sem valinn er samkvæmt röð sem stjórnarráðið tilgreinir, annast þau.

#### 21. gr.

Geti deildarstjóri eða stjórnarritari ekki sinnt störfum sínum eða skyldum skal lægra settur embættismaður, í þeirri röð sem deildarstjóri og stjórnarritari tilgreina hvor um sig, annast þau.

### VI. KAFLI

#### LOKAÁKVÆÐI

#### 22. gr.

Þessar starfsreglur, sem teljast fullgildar á ensku, skulu birtar í EES-deild og EES -viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-bandalagsins.

Gjört í Brussel 7. janúar 1994

*Knut Almestad*  
forseti

# EB-STORNAÐIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Reglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð**

**94/EES/6/02**

**(Mál nr. IV/M.397 - Ford/Hertz)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

Framkvæmdastjórnin ákvað 7.3.1994 að tilkynnt aðgerð í málinu hér að framan heyrði ekki undir gildissvið samrunareglugerðarinnar vegna þess að hún myndar ekki samfylkingu í skilningi 3. gr. reglugerðarinnar. Þessi ákvörðun byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. samrunareglugerðarinnar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til :

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

### **Sex ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð til sex stálfélaga 94/EES/6/03**

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Þýskalandi að veita ríkisaðstoð sem nemur samtals 813 milljónum DM til stálfélagsins EKO Stahl AG, Eisenhüttenstadt (sjá nánari útlístun í Stjútíð. EB nr. L 112, 3.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Spáni að veita ríkisaðstoð sem nemur samtals 80.052 milljörðum Pta til sérhæfða stálfélagsins Sidenor (sjá nánari útlístun í Stjútíð. EB nr. L 112, 3.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Þýskalandi að veita ríkisaðstoð sem nemur samtals 274 milljónum DM til stálfélagsins Sächsische Edelstahlwerke GmbH, Freital/Sachsen (sjá nánari útlístun í Stjútíð. EB nr. L 112, 3.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Ítalíu að veita ríkisaðstoð sem nemur samtals 4790 milljörðum LIT til almennu stálsamstæðunnar Ilva. Auk þess hefur framkvæmdastjórnin lokið málsmeðferðinni samkvæmt 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 3855/91/KSB að því er framangreinda aðstoð varðar (sjá nánari útlístun í Stjútíð. EB nr. L 112, 3.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Spáni að veita ríkisaðstoð sem nemur samtals 437.8 milljörðum Pta til stálfélagsins Corporación de la Siderurgia Integral sem annast blandaða framleiðslu (sjá nánari útlístun í Stjútíð. EB nr. L 112, 3.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað Portúgal að veita ríkisaðstoð sem nemur samtals 60.12 milljörðum Esc. til stálfélagsins Siderurgia Nacional (sjá nánari útlístun í Stjútíð. EB nr. L 112, 3.5.1994).

## Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 18.4. til 22.4. 1994

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Títtill	Samþykki- af fram- kvæmda- stjórninni þann	Sendt til ráðsins þann	Bladsíðu- gjöldi
COM(94) 142	CB-CO-94-149-EN-C <sup>(1)</sup>	Ársskýrsla, 1. ágúst 1992-31. júlí 1993 Tempus PHARE - Evrópsk áætlun um samstarf á sviði æðri menntunar milli Mið- og Austur Evrópu og Evrópubandalagsins	20.4.1994	21.4.1994	56
COM(94) 151	CB-CO-94-158-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samannburð á auglýsingum og um breytingu á tilskipun 84/450/EBE um villandi auglýsingar	21.4.1994	21.4.1994	27
COM(94) 141	CB-CO-94-148-EN-C	Áætlun um kynnisferðir, ársskýrsla, skólaárið 1992/93 Tempus PHARE - Evrópsk áætlun um samstarf á sviði æðri menntunar - milli Mið- og Austur Evrópu og Evrópubandalagsins	22.4.1994	22.4.1994	46
COM(94) 500	CB-CO-94-147-EN-C	Ellefta ársskýrsla um eftirlit með beitingu bandalagslaga (1993)	29.3.1994	22.4.1994	457
COM(94) 126	CB-CO-94-134-EN-C	Oðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins um framkvæmd ákvörðunar ráðsins 86/85/EBE frá 6. mars 1986 um að koma á upplýsingakerfi innan bandalagsins til að hafa eftirlit með og draga úr mengun af völdum vetniskolefna og annarra hættulegra efna sem losuð eru í sjó	15.4.1994	18.4.1994	9
COM(94) 150	CB-CO-94-156-EN-C	Viðbótarskýrsla um beitingu áætlunarinnar um mjólkurkvóta á Ítalíu  Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3950/92 um viðbótarálagningu að því er varðar mjólk og mjólkurafurðir	18.4.1994	18.4.1994	9
COM(94) 130	CB-CO-94-136-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingu Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um véltengibúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og tengingu þeirra við þessi ökutæki	20.4.1994	20.4.1994	5

(1) "EN" vísar til enska COM-skjalsins

Kóði	Skráningarnúmer	Títili	Samþykkt- af fram- kvæmda- stjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Bladsíðu- tjöldi
COM(94) 575	CB-CO-94-613-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um - breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tiltekna frankvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila hafa á umhverfið hverfið	16.3.1994	21.4.1994	28
COM(94) 124	CB-CO-94-132-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins- um lánmarksþjálfun fyrir störf á sjó	21.4.1994	21.4.1994	20
COM(94) 135	CB-CO-94-142-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almanna- tryggingareglna gagnvart laun- þegum, sjálfstætt starfandi einstakl- ingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, reglu- gerð (EBE) nr. 574/72 um tilhögun á framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, reglugerð (EBE) nr. 1247/92 um breytingu á reglugerð (EBE) 1408/71 og reglugerð (EBE) nr. 1945/93 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1247/92	20.4.1994	21.4.1994	22

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin  
birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins**

**94/EES/6/05**

Kóði	Títili	Birt í Stjtid. EB þann
COM(94) 24	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda	Stjtid. EB nr. C 118, 29.4.1994
COM(94) 131	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um sextánda breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/86 um tiltekna tæknilegar ráð- stafanir vegna verndunar fiskveiðiauðlinda	Stjtid. EB nr. C 118, 29.4.1994

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/6/06

Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).

Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtið. EB nr. L 81, 26.3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að innlendum tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
94-0059-F	SP-DGPT-ATAS-17: fjarskiptabúnaður með lágan sendistyrk fyrir rafrænar gagnasendingar á tíðni 2.45 GHz.	1.6.1994
94-0060-UK	TD 46/94 - Merkjakerfi á hraðbrautum	9.6.1994
94-0062-DK	Tæknileg ákvæði til bráðabirgða um stafrænan, skammdrægan fartalstöðvarbúnað á landi (DSRR)	20.6.1994
94-0063-UK	Stjórmsýsluleiðbeiningar (BA XX-93) „Hönnun steinsteypra þjóðvegabréa og mannvirkja með ytri og ójámbundinni - forspenningu” (DOT tilvísun: EPP 032-93-EC)	24.5.1994
94-0064-D	Fyrirkomulag til að forðast smithættu vegna smitandi heilahrönnunar í nautgripum (BSE) sem er sjúkdómssvaldur í barna- og ungbarnamat	10.6.1994
94-0065-E	Drög að konunglegri tilskipun þar sem samþykktar eru tæknilegar heilbrigðisreglugerðir um framleiðslu, dreifingu og sölu á bjór og maltöli	13.6.1994
94-0066-E	Ráðherrafyrirmæli frá 1994 um að koma á mælfraðilegu eftirliti á vegum ríkisins á sannprófunarstigi í kjölfar viðgerðar eða breytingar, reglubundnum sannprófunum og eftirliti og skoðun á ósjálfvirkum vogaráhöldum, af sömu gerð og bílvogir, sem sett eru upp á föstum stað og á hreyfanlegum pöllum	13.6.1994
94-0067-F	S 10-20 A: Kröfur um álag á talsímakerfi í einkaeign	13.6.1994
94-0017-I	Breyting á viðbættum IB og IC við lög nr. 748 frá 19. október 1984 um „Nýja staðla fyrir reglur um tilbúinn áburð”	18.7.1994
( <sup>3</sup> ) ( <sup>4</sup> )		

(<sup>1</sup>) Ár – skráningarnúmer – upprunarriki.

(<sup>2</sup>) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(<sup>3</sup>) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „Pharmacopoeia”.

(<sup>4</sup>) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989.

Heimilisföng þeirra í aðildarríkjunum eru eftirfarandi:

#### **BELGÍA**

Institut belge de normalisation  
avenue de la Brabançonne 29  
B-1040 Brussels

#### **DANMÖRK**

Industriministeriet  
Industri- og Handelsstyrelsen  
Søndergade 25  
DK-8600 Silkeborg

#### **ÞÝSKALAND**

Bundesministerium für Wirtschaft  
Referat E B 3  
Villnomblerstraße 76  
D-5300 Bonn

#### **GRIKKLAND**

Ministry of Industry  
Michalakopoulou 80  
GR-Athens

#### **ELOT**

Didotou 15  
GR-10680 Athens

#### **SPÁNN**

Ministero de Industria y Energía  
Paseo de la Castellana 160  
E-Madrid

#### **FRAKKLAND**

Ministère de l'industrie et de la recherche  
32, rue Guersant  
F-75017 Paris

#### **SGCI**

216, rue de l'Université  
F-75700 Paris

#### **ÍRLAND**

EOLAS  
The Irish Science and Technology Agency  
Glasnevin  
IRL-Dublin 9

#### **ÍTALÍA**

Ministero dell'Industria, del Commercio e dell'Artigianato  
via Molise 2  
I-Rome

#### **LÚXEMBOURG**

Ministère du Travail  
Inspection du Travail et des Mines  
26, rue Zithe  
L-2010 Luxembourg

#### **HOLLAND**

Ministerie van Economische Zaken  
Bezuidenhoutseweg 30  
Postbus 20101  
NL-2500 EC The Hague

#### **PORTÚGAL**

Instituto Português da Qualidade  
rue José Estevão, 83A  
P-1199 Lisbon

#### **Direcção Geral dos Assuntos Farmacêuticos**

Ministério da Saúde  
avenida dos Estados Unidos da América, 37, 4º andar  
P-1700 Lisbon

#### **Instituto de Qualidade Alimentar**

Ministério da Agricultura, Pescas e Alimentação  
rue Alexandre Herculano, 6, 4º andar  
P-1200 Lisbon

#### **BRESKA KONUNGSRÍKIÐ**

Department of Trade and Industry  
Standards and Quality Unit  
Ashdown House  
123 Victoria Street  
UK-London SW1E 6GB.

## Heimild vegna ríkisaðstoðar samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans. Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

94/EES/6/07

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til að efla rannsóknir og þróun á sviði leysitækni (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til að auka skilning á örkerfum (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til að bæta endurvinnslutækni með ýmsum hætti (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til að auka hæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja til rannsókna og þróunar (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til að auka rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem miðar að skynsamlegri orkunotkun (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til rannsókna og þróunar (rannsóknar- og þróunaráætlun vegna fyrirtækja í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu) (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til rannsókna og þróunar (rannsóknar- og þróunaráætlun í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu þar með talið Austur-Berlín) (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til rannsókna og þróunar (stuðningur við fjölgun starfsfólks á sviði rannsókna og þróunar í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu) (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til að styðja rannsóknir og þróun á ýmsum sviðum flutningastarfsemi (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð, sem Þýskaland hefur tilkynnt, til rannsókna og þróunar (áætlun um að fjölga nýjum störfum á sviði varnarmála innan ramma EB-framtaksins KONVER (Hamborg)) (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja aðstoðina sem Ítalía hefur lagt til vegna svæðisbundinnar þróunar (ráðstafanir til aðstoðar iðnaði) (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja áætlunina um aðstoð sem Danmörk hefur tilkynnt og felur í sér aðstoð til atvinnusjómanna sem hætt hafa fiskveiðum (sjá nánari útlíun í Stjrtíð. EB nr. C 122, 4.5.1994).

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/6/08****(Mál nr. IV/M.429 - "Winterthur" Schweizerische Versicherungs-Gesellschaft/DBV Holding AG)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 25.4.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið "Winterthur" Schweizerische Versicherungs-Gesellschaft (sem hér á eftir verður vísað til sem Winterthur) öðlast með hlutabréfakaupum heildaryfirráð yfir DBV Holding AG (DBV) í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - að því er varðar Winterthur: einkatryggingar
  - að því er varðar DBV: líftryggingar, heilsutryggingar, almennar tryggingar, lögverndunartryggingar, endurtryggingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtuð. EB (Stjtuð. EB nr. C 121, 3.5.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, með tilvísunarnúmeri IV/M.429 Winterthur/DBV Holding, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

(<sup>1</sup>) Stjtuð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989; Leiðrétting: Stjtuð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

94/EES/6/09

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****(Mál nr. IV/M.444 -Sidmar NV/Klöckner GmbH)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 22.4.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 (\*) þar sem fyrirtækin:

- Sidmar N.V. sem tilheyrir Arbed-samstæðunni
- Klöckner Werke AG
- Hanseatische Industrie - Beteiligungen GmbH (Hibeg)
- Bremer Vulkan Verbund AG (BVV)
- Stadtwerke Bremen AG
- Detlef Hegemann GmbH und Co.

öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Klöckner Stahl GmbH.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:

- að því er varðar Sidmar: flatar stálvörur
- Klöckner Werke: vélsníði, plastefnavinnsla
- Hibeg: eignarhaldsfélag
- Stadtwerke Bremen: framleiðsla rafmagns og rafmagnsveita
- BVV: skipasmíði, vélsníði, rafeindatækni
- Hegemann: burðarþols- og byggingarverkfræði.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB (Stjtið. EB nr. C 121, 3.5.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, með tilvísunarnúmeri IV/M.444 - Sidmar NV/Klöckner GmbH, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

(\*) Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989; Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.